

AUGLÝSING

um stöðvun makrílveiða með línu og handfærum.

1. gr.

Frá og með 5. september 2014 eru makrílveiðar með línu og handfærum bannaðar sbr. 1. tölulið 2. gr. reglugerðar nr. 376/2014, um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2014, með síðari breytingum.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 376/2014, um stjórn makrílveiða íslenskra fiskiskipa árið 2014, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Fiskistofu, 3. september 2014.

Sigurjón Ingvason, sviðsstjóri lögfræðisviðs.

Auðunn Ágústsson.